
verði að úthluta öllum lóðum í Breiðholti um 1978—1979. Upphaflega hafði verið reiknað með því að þetta land dygði fram yfir 1983. En miklu meira hefur orðið um nýbyggingar í Reykjavík en fólksfjölgun gefur tilefni til. Tilflutningur fólks hefur orðið innan Reykjavíkur sjálfrar, en ekki til borgarinnar annars staðar frá. Þetta er geysilegt vandamál, sagði Hilmar. Því miðar öll tillögugerð um skipulagningu í eldri hverfum að því að reyna að fjölga íbúum þar.

600 íbúðir á Eiðsgranda

— Á þessum sömu árum verður líka byggt á Eiðsgranda hélt Hilmar áfram skýringum sínum. Vissri frumvinnu er þar lokið og verður nú hafizt handa aftur um undirbúning, svo hægt verði að byggja þar. Þarna á að verða hægt að koma fyrir 600 íbúðum, aðallega í fjölbýli eða í þéttri byggð. En reiknað er með að þessi svæði öll, sem hér hafa verið nefnd, verði fullnýtt um 1980. Og þá verður að gera ráð fyrir því að taka þurfi í notkun nýja svæðið við Keldur. En nú er verið að vinna að samningum við ríkið um makaskipti á landi þar.

Íbúðir í verzlunarhverfum

— Í þessu sambandi ber að geta þess að jafnframt þeim byggingarframkvæmdum, sem getið hefur verið, bætist við íbúðir eftir að



Hilmar Ólafsson, forstöðumaður Þróunarstofnunar

farið verður að byggja nýja miðbæinn. En þar verða fjölbýlishús, ýmist tengd verzlun eða sérstæð. Í fyrsta áfanga verður rúm fyrir 50—60 íbúðir, og í 2. áfanga 110 íbúðir. Einnig má reikna með 50 íbúðum í Mjóddinni svokallaðri, sem verður miðhverfi Breiðholtshverfanna og verzlunar- og þjónustuhverfi fyrir þau öll. Þar verður nokkur íbúðabyggð í fjölbýli. Mjóddin liggur milli Reykjanesbrautar og Breiðholts I og þar verður byrjað á framkvæmdum á næsta ári. Þarna er ýmiss konar þjónustustofnunum ætlaður staður, svo sem kirkju, lögreglustöð, heilsugæzlustöð o.fl. En í suðurhluta Mjóddarinnar, sunnan Breiðholtsbrautar, er áætluð ýmiss konar íþróttaaðstaða, en ekki er búið að ganga frá deiliskipulagi þar.

— Þá vonumst við til að tillaga um endurnýjun í gömlu hverfunum verði til þess að þar verði meira byggt og fleiri hús gerð upp í náinni framtíð, sem sem á reitunum upp af Skýlagötu, í Grjótaþorpi og víðar.

— Nei, í Breiðholtunum verður ekki byggt alveg út að mörkum lögsagnar Reykjavíkur. Í og utan við hverfið eru græn svæði, sem kunnugt er. Í hverfunum verða fimm grunnskólar, sem eru á misjöfnu stigi í byggingu og fjölbrautaskóli fyrir framhaldsstigið, þar eru íþróttamannvirki o.fl., sem ekki er ástæða til að fara nánar út í hér og nú. En skipulagið á þessum hverfum getur fólk séð á uppdráttum og líkönum á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Framhald á bls 22.



Eins og kunnugt er afhenti Pétur Thorsteinsson nýlega forseta Indlands, Fakhruddin Ali Ahmad, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Indlandi. Myndin er tekin þegar afhendingin fór fram.

Frá ríkisráðsritara

Á fundi ríkisráðs á Bessastöðum föstudaginn 31. desember 1976 staðfesti forseti Íslands eftirgreind lög:

1. Fjárlög fyrir árið 1977.
2. Lög um verðjöfnunargjald af raforku
3. Lög um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8 22. mars 1972.
4. Lög um breyting á vegalögum nr. 66 14. júlí 1975.
5. Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.
6. Lög um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67 20. apríl 1971.
7. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.
8. Lög um tollskrá o.fl.

Páli Flygenring var veitt embætti ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneytinu frá 1. janúar 1977.

Bárður Guðmunds var skipaður héraðsdýralæknir í Þingeyjarþingsumdæmi.

Sigurður Þórðarson var skipaður deildarstjóri í ríkisendurskoðun.

Árni Kolbeinsson var skipaður deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Gunnari Björnssyni, sendiráðunaut, var veitt lausn frá störfum fyrir aldurs sakir.

Dr. Oddi Guðjónssyni, sendiherra, var veitt lausn frá störfum fyrir aldurs sakir.

Staðfestir voru ýmsir úrskurðir, sem farið höfðu fram utan ríkisráðsfundar.

Ríkisráðsritari,
31. desember 1976.

Matsveinar hvattir til að standa saman

Í fréttatilkynningu, sem Morgunblaðinu hefur borizt frá Matsveinafélagi sjómannasambands Íslands, eru starfandi matsveinar á fiskiskipum hvattir til að taka höndum saman og vinna allir sem einn að hagsmunamálum félagsins. Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá 5. janúar n.k. til 30. janúar frá kl. 13 til 15.

Yfir 500 vistmenn á Grund og Ási

SAMTALS voru vistmenn á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og dvalarheimilinu Ási í Hveragerði 544 í árslok 1976. Konur voru 364 og karlar 180.

Á Grund og Minni-Grund voru í upphafi 1976 367 vistmenn, 269 konur og 98 karlar, en í árslok 356. Á árinu kom 81 vistmaður en 24 fóru og 68 létust á árinu. Á dvalarheimilinu Ási — Ásbyrgi í Hveragerði voru í ársbyrjun 1976 184 vistmenn, 99 konur og 85 karlar. Á árinu komu 83 vistmenn, 76 fóru og 3 létust á árinu. Í árslok voru því 188 vistmenn samtals, 99 konur og 89 karlar.

argus



Hvaða umboðs-maður stendur þér næst?

Umboðsmenn Happdrættis. Háskóla Íslands eru víða um land. Hlutverk þeirra er ekki einungis að selja og endurnýja happdrættismiða. Þeir eru einnig reiðubúnir til að veita þér hvers konar upplýsingar um forgangskaup, flokka, númeraraðir, „langsum eða þversum", nýju hundraðþúsund króna vinningana, trompmiða og annað það, sem þú hefur áhuga á.

Þegar þú kaupir miða, er rétt að hafa í huga, hvar sé auðveldast að endurnýja miðana framvegis, — nálægt vinnustað, heimili eða á leið til vinnu.

Allar upplýsingar um Happdrætti Háskólans eru tiltækar hjá eftirtöldum umboðsmönnum:

KJÓS:
Hulda Sigurjónsdóttir, Eyrarkoti

Umboðsmenn á VESTURLANDI:
Akranes — Bókaverslun Andrésar Nielssonar
Fiskilækur — Jón Eyjólfsson
Grund — Davíð Pétursson
Laugaland — Lea Þórhallsdóttir
Reykholt — Steingrímur Þórisson
Borgarnes — Þorleifur Grönfeldt
Sandur — Guðrún Ingimarsdóttir
Ólafsvík — Lára Bjarnadóttir
Grundarfjörður — Sigurrós Geirmundsdóttir
Stykkishólmur — Svanhvít Pálsdóttir
Búðardalur — Óskar Sumarliðason
Hvítidalur — Sigurjón Torfason
Skarðsströnd — Jón Finnsson
Króksfjarðarnes — Halldór D. Gunnarsson

Umboðsmenn á VESTFJÖRÐUM:
Patreksfjörður — Elín V. Thoroddsen
Tálknafjörður — Ásta Torfadóttir, Brekku
Bíldudalur — Guðmundur Pétursson
Þingeyri — Margrét Guðjónsdóttir
Flateyri — Guðrún Arnbjarnardóttir
Suðureyri — Auður M. Árnadóttir
Bolungarvík — Helga Aspelund
Ísafjörður — Gunnar Jónsson
Súðavík — Áki Eggertsson
Vatnsfjörður — Baldur Vilhelmsson
Norðurfjörður — Sigurbjörg Alexandersdóttir Krossnesi
Hólmavík — Jón Loftsson
Borðeyri — Þorbjörn Bjarnason Lyngholti

Umboðsmenn á NORÐURLANDI:
Hvammstangi — Sigurður Tryggvason
Blönduós — Ebba Jósafatsdóttir
Skagaströnd — Guðrún Pálsdóttir
Sauðárkrókur — Elínborg Garðarsdóttir
Hofsós — Þorsteinn Hjálmarsson
Haganesvík — Haraldur Hermannsson
Siglufjörður — Dagbjört Einarsdóttir
Ólafsfjörður — Brynjólfur Sveinsson
Hrísey — Elsa Jónsdóttir
Dalvík — Jóhann G. Sigurðsson
Grenivík — Kristín Loftsdóttir
Akureyri — Jón Guðmundsson
Mývatn — Guðrún Þórarinsdóttir
Grímsey — Áslaug Alfreðsdóttir
Húsavík — Árni Jónsson
Kópasker — Óli Gunnarsson
Raufarhöfn — Helga Jónsdóttir
Þórshöfn — Steinn Guðmundsson

Umboðsmenn á AUSTFJÖRÐUM:
Vopnafjörður — Þorsteinn Stefánsson
Bakkagerði — Sverrir Haraldsson
Seyðisfjörður — Ragnar Nikulásson
Norðfjörður — Bókhaldsst. Guðm. Ásgeirssonar
Eskifjörður — Björk Aðalsteinsdóttir
Egilsstaðir — Aðalsteinn Halldórsson
Reyðarfjörður — Björn Eysteinsson
Fáskrúðsfjörður — Stefán Garðarsson
Stöðvarfjörður — Magnús Gíslason
Breiðdalur — Ragnheiður Ragnarsdóttir
Djúpivogur — María Rögnvaldsdóttir
Höfn í Hornafirði — Gunnar Snjólfsson

Umboðsmenn á SUÐURLANDI:
Kirkjubæjarklaustur — Þórir Jónsson
Vík í Mýrdal — Þorbjörg Sveinsdóttir
Þykkvibær — Hafsteinn Sigurðsson
Hella — María Gísladóttir
Espiflöt — Eiríkur Sæland
Laugarvatn — Þórir Þorgeirsson
Vestmannaeyjar — Sveinbjörn Hjálmarsson
Selfoss — Þorsteinn S. Ásmundsson
Stokkseyri — Oddný Steingrímsdóttir
Eyrarbakki — Pétur Gíslason
Hveragerði — Elín Guðjónsdóttir
Þorlákshöfn — Ingibjörg Einarsdóttir

Umboðsmenn á REYKJANESI:
Grindavík — Ása Einarsdóttir
Flugvöllur — Erla Steinsdóttir
Sandgerði — Hannes Arnórsson
Hafnir — Guðlaug Magnúsdóttir
Keflavík — Jón Tómasson c/o versl. Hagafell
Vogar — Halla Árnadóttir

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tvö þúsund milljónir í boði